

Fimmtudagur 1.nóv. 2007 kl.11:25

Umhverfisnefndarfundur

Mættir voru Hannes, Jón Karl, Ágúst, Díana og Bolette

1. Farið yfir umhverfissáttmálann, og hann lesinn yfir. Sagt var frá að eldri borgari í sveitinni hefur tekið að sér að fræða okkur um breytingar sem sveitin hefur farið í gegnum.
2. Stungið upp á að við reynum að gefa fuglunum í vetur og jafnvel að búa til hús handa þeim.
3. Rætt um moltutunnuna og fyrirkomulag á að hræra í henni.
4. Rætt um ruslatísluna sem hefur farið fram í haust. Þar sem hver hópur hafði sitt svæði umhverfis skólann.
5. Næsti fundur verður fimmtudaginn 8. nóv. þar á að fara yfir gátlistann.

Fundi slitið kl.12:00

Fimmtudagur 8.nóv. 2007 kl.11:00

Umhverfisnefndarfundur

Mættir voru Hannes, Jón Karl, Ágúst, Sesselja og Bolette

6. Byrjað var að meta skólann með hjálp gátlistans. Nefndin tóku fyrir 7 fyrstu blaðsíðurnar. Góðar umræður urðu um ýmsa liði.
7. Ákveðið að halda vinnunni áfram næsta fimmtudag 15.nóv.
8. Rætt var að líklega er betra að vinna í stuttum lotum og oft, til að trufla annað skólustarf sem minnst

Fundi slitið kl.11:25

Fimmtudagur 29.nóv. 2007 kl.11:00

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Hannes, Jón Karl, Ágúst, Díana og Bolette

1. Fundi hefur verið frestað í tvígang.
2. Rætt um umgengni við pappírskassana í skólastofunum og hvað mætti betur fara.
3. Haldið var áfram með gátlistann og hann kláraður. Góðar umræður urðu um ýmsa liði.
4. Rætt var um fræðsluna út á við og hvernig við getum eftt hana.
5. Ákveðið að halda fund næst fimmtudaginn 6. des.

Fundi slitið kl.11:35

Fimmtudagur 10. jan. 2008 kl.11:10

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Hannes, Jón Karl, Ágúst, Díana og Bolette

6. Rætt var um væntanlega heimsókn Erlings Loftssonar fimmtudaginn 17. jan.
7. Rætt var um bleytu í moltutunnunni og hvað er hægt að gera.
8. Ákveðið að taka pappír úr pappírstætara skólans og bæta í moltutunnuna.
9. Farið út og liður 3 framkvæmdur.
10. Ákveðið að halda fund næst þriðjudaginn 15. jan.

Fundi slitið kl.11:30

Fimmtudagur 13. mars 2008 kl.12:40

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Hannes, Karl Gústaf, Ágúst, Díana og Bolette

11. Bolette kynnti skýrsluna sem send var til Landverndar með framhaldsumsókn um grænfánann.
12. Nefndin var sammála um að reyna að bæta okkur í innkaupum, til dæmis að reyna að endurnýja reiknisvél skólans. Hafa þær með sólarrafhlöðum og loki.
13. Rætt var um að spyrja skólastjóra um gömlu tölvurnar sem eru í stofunum. Að henda þeim og á réttan hátt.
14. Farið var út að athuga með moltutunnuna og ákveðið að halda áfram að setja pappír í hana til þess að þurrka innihaldið svolítið.

Fundi slitið kl.13:05

Fimmtudagur 27. mars 2008 kl.9:50

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Hannes, Jón Karl, Ágúst, Díana og Bolette

15. Rætt um væntanlega heimsókn Sigrúnar Helgadóttur og Heiðu frá Landvernd þann 31. mars 2008
16. Nefndin rifjaði upp allt sem gert hefur verið í vetur.
17. Dagskrá fyrir heimsóknina ákveðin
 - a. Kl. 9:30 umhverfisnefndin tekur á móti gestunum
 - b. Morgunkaffi með starfsfólki
 - c. Fundur með umhverfisnefndinni

- d. Ganga um skólann og hitta bekkina
- e. Skoða gögn ef þær óska eftir því.

Fundi slitið kl.10:05